

Miðvikudaginn 17. janúar 1990.

Nr. 300/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Ólafi Magnússyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu,
lögskýring. Þingstaður. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvaldsins til þyngingar á refsingu og til lengingar á ökuleyfissviptingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákærvalds með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málunum nr. 120 og 240/1989 frá 9. og 12. þ.m., að hinn áfrýjaði dómur yrði úr gildi felldur svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Húnavatnssýslu og að málið sætti heimvísun til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Verjandi ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Húnavatnssýslu.

I.

Fulltrúinn, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð sýslumannsins í Húnavatnssýslu, en sýslumaðurinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Sakarefni það, sem hér er til meðferðar, var rannsakað af lögreglunni í Húnavatnssýslu. Jafnframt liggur fyrir, að fulltrúinn hafði afskipti af málinu, meðan það var enn til meðferðar hjá lögreglu. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. þ.m. í málinu nr. 120/1989 verður að telja, að sýslumanninum í Húnavatnssýslu og fulltrúa hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa sakarefnis. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi svo og meðferð málsins fyrir sakadómi Húnavatnssýslu og vísa málinu til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar í héraði.

Þann 16. nóvember 1988 setti héraðsdómarinn í máli þessu, Sverrir Friðriksson fulltrúi, sakadóm Húnavatnssýslu í skrifstofu þáverandi verjanda ákærða, Símonar Ólasonar héraðsdómslögmanns, að Háaleitisbraut 85, Reykjavík, og þingaði þar í málinu. Eitt vitni kom þar fyrir dóminn. Þessi háttur á þinghaldi var bæði óþarfur og óviðeigandi, enda ekkert fram komið um, að ekki hafi mátt heyja þing í dómsal.

III.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, svo sem nánar er greint í dómsorði.

Af hálfu ákærvalds er sú athugasemd gerð við yfirlit um sakarkostnað, sem fylgir málinu, að þar séu reiknaðar 15x400 krónur eða samtals 6.000 krónur í vottasjóð. Af hálfu ákærvaldsins er þetta talið óheimilt og beri að átélja þetta. Á yfirlitinu kemur fram, að reikningur hafi verið sendur dómsmálaráðuneytinu. Ekki liggur fyrir, hvaða afgreiðslu reikningur þessi hefur hlotið í dómsmálaráðuneyti, sbr. 2. mgr. 143. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála. Gögn málsins veita ekki nægar upplýsingar um þennan reikningslið. Ekki eru efni til að taka afstöðu til þessarar athugasemdar.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa fyrir sakadómi Húnavatnssýslu eru felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar í héraði.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 10. mars 1989.

Mál þetta, sem dómtekið er og dæmt í dag, er höfðað hér fyrir dómi þann 10. febrúar 1988 með ákæruskjali, útgefnu 30. desember 1987, á hendur Ólafi Magnússyni, Skúlabraut 39, Blönduósi, fæddum 8. febrúar

1966 í Keflavík, fyrir að aka að morgni fimmtudagsins 1. janúar 1987 undir áhrifum áfengis bifreiðinni H 3242 frá heimili sínu um götur á Blönduósi, sinna ekki stöðvunarmerkjum lögreglunnar á Aðalgötu, heldur aka bifreiðinni svo óvarlega fram hjá lögreglubifreiðinni H 218, að hún rakst á afturhluta hennar, aka bifreiðinni þaðan austur Þingbraut og síðan norður Norðurlandsveg yfir leyfðum hámarkshraða og hluta leiðarinnar með öku ljós slökkt, þótt myrkt væri, stofna á ófyrirleitinn hátt lífi og heilsu þriggja lögreglumanna í ofangreindri lögreglubifreið í augljósan háska með því að aka bifreiðinni niður Skúlabraut yfir leyfðum hámarkshraða og án þess að minnka hraðann að ofangreindri lögreglubifreið, sem lagt hafði verið á miðja götuna til að hindra för ákærða, og tókst ökumanni lögreglubifreiðarinnar að forða (sic) stórárekstri með því að víkja lögreglubifreiðinni undan, og fyrir að stofna á sama hátt í hættu lífi og heilsu tveggja gangandi vegfarenda, sem gengu eftir Skúlabraut skammt fyrir aftan lögreglubifreiðina.

Telst þetta varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1., 2. og 3. mgr., staflíði a, b og c, 49. gr., 1. mgr. 50. gr., 1. mgr. 53. gr., sbr. 80. gr., umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976 og 16/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Með vísan til eigin framburðar ákærða og framburðar vitna fyrir lögreglu og dómi telst nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot þau gegn umferðarlögunum, er í ákæru greinir, og samkvæmt þeim ákvæðum, er þar greinir, sbr. nú 1. mgr. 4. gr., 1. mgr., 2. mgr., staflíði a, b og c, 36. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 32. gr., sbr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50/1987.

— — —

Dómsátt sú, er gerð var í Húnavatnssýslu þann 24.10.1985, hefur samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, ítrekunaráhrif á brot þau, sem hér eru dæmd. Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin 60.000,- króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti ákærði varðhaldi í 24 daga.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, samanber nú 101.-102. gr. laga nr. 50/1987, ber að svipta ákærða ökuleyfi í tvö ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja. Þá ber að

dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, eins og krafist er í ákæru, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda, Símonar Ólasonar hdl., kr. 39.000,-, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ólafur Magnússon, greiði kr. 60.000,- í sekt til rikissjóðs, en sæti ella varðhaldi í 24 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Símonar Ólasonar hdl., kr. 39.000,-.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
